

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 395/1977, um gerð umbúða og íláta undir lyf.

1. gr.

Reglugerð nr. 395/1977, um gerð umbúða og íláta undir lyf, er hér með felld úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. júní 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Eggert Sigfússon.

Nr. 354

15. júní 1998

GJALDSKRÁ

fyrir afnot flugvalla.

1. Gjaldsvið.

- 1.1 Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.
- 1.2 Gjöld fyrir millilandaflug verða innheimt fyrir afnot alþjóðlegra flugvalla á Íslandi. Skrá yfir þá flugvelli er birt í flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af Flugmálastjórn.
- 1.3 Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot þeirra flugvalla þar sem flugupplýsingaþjónusta er veitt. Skrá yfir þá flugvelli er birt í flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af Flugmálastjórn. Flugvélar sem notaðar eru í flutningaflugi greiða landingargjöld.

2. Landingargjald.

- 2.1 Fyrir hverja landingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur, sbr. 1.2 skal greiða gjald samsvarandi 7,05 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1.000 kg af massa þess. Lágmarkslendingargjald skal vera samsvarandi USD 100 þó með þeim fyrirvara að umrætt lágmarksgjald gildi aðeins fyrir loftför sem hafa 5.700 kg massa eða meira.
- 2.2 Fyrir hverja landingu loftfars í millilandaflugi í Reykjavík, sbr. 1.2 skal greiða gjald samsvarandi 10,00 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1.000 kg af massa þess. Lágmarkslendingargjald skal vera samsvarandi USD 100 þó með þeim fyrirvara að umrætt lágmarksgjald gildi aðeins fyrir loftför sem hafa 5.700 kg massa eða meira.
- 2.3 Fyrir loftfar með massa 1.500 kg og yfir skal greiða, fyrir hver byrjuð 1.000 kg af massa þess, kr. 238 fyrir hverja landingu í innanlandsflugi, sbr. gr. 1.3.
- 2.4 Fyrir þjónustu flugvallar eða notkun utan auglýstra þjónustutíma greiðist að auki gjald sem svarar til kostnaðar við útkall starfsmanna, þó ekki ef um er að ræða tímabil dagvinnu kl. 09.00 - 17.00 virka daga.

3. Stæðisgjald.

- 3.1 Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.
- 3.2 Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greiða stæðisgjald samsvarandi 1,40 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1.000 kg af massa þess.